



Námsgrein: Textílmennt

Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið felur í sér kerfisbundna þjálfun í hverri námsgrein fyrir sig þar sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna.

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur í 4. bekk fara í tvær textílmenntarlotur á skólaári, ein á haustönn og aðra á vorönn. Auk þess eru styttri lotur í Janúar í tengslum við þemaverkefni. Hver tími er 80 mínútur og eru tveir tímar á viku. Haldið er áfram að byggja ofan á þekkingu sem nemendur hafa. Nemendur læra grunninn í þróni og þeir halda áfram að kynnast saumavélinni í einföldum vélssaumsverkefnum. Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni.

Í 4. bekk hefur sú hefð skapast að nemendur vinna að þemaverkefni þvert á list- og verkgreinar og í samvinnu við umsjónarkennara. Þetta verkefni kallast Viskuskrín og tengist námi þeirra um landnám Íslands og tímarnir í gamla daga. Nemendur smíða box/skrín, læra um höfuðstafi og fornt letur. Svo hanna þeir eigin höfuðstaf í leður sem er fest á lokið. Í skrinið fer ýmiss fróðleikur, myndir af Víkingum, rúnir, galdrastafir, verndartákn, perlur o.fl. Í heimilisfræði er fjallað um mat til forna og íslenskar matarhefðir.

Verkefni hvernar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hvernar lotu.

Námstögn: Námsgögn frá kennara, af vef, úr bókum og fleira.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.	Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum.	Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda á Mentor.

<ul style="list-style-type: none"> - Unnið úr nokkrum gerðum textílefna - Unnið eftir einföldum leiðbeiningum. - Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. - Gengið frá og tekið ábyrgð á sínu verkefni og þeim áhöldum sem verið er að nota hverju sinni. - Tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu. - Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt. - Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni. - sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt. - Sagt frá nokkrum tegundum textílefna. - Fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna. 	<p>Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum.</p>	
---	--	--